

**Nr. 006 / 09 Sighvatur GK 57**

***Skipverji slasast á línuveiðum***

*Skipaskr.nr.* 0975  
*Smíðaður:* Þýskalandi 1965, stál  
*Stærð:* 260,5 brl. 435,8 bt.  
*Mesta lengd:* 41,43 m *Skráð lengd:* 37,9 m  
*Breidd:* 7,22 m *Dýpt:* 6,1 m  
*Vél:* Caterpillar 626 kW, 1983  
*Fjöldi skipverja:* 14



Sighvatur©Þorgeir Baldursson

**Gögn:**  
*Lögregluskýrsla*  
*Gögn RNS*

*Málið afgreitt á fundi 8. júní 2009 af Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 12. janúar 2009 var Sighvatur GK 57 á línuveiðum á Jökultungu. Veður: NA 18 m/s.

Skipverjar voru ganga frá ísuðum afla í fiskikör. Einn þeirra var að færa til tómt kar þegar vinstri hendi klemmdist á milli kara og hann kenndi sér meins. Mar og bólgur komu fram á hendinni og fór hann sér hægt í vinnu til að hlífa henni. Leitaði hann læknis þegar komið var í land tveimur dögum seinna.

***Nefndarálit:***

Nefndin ályktar ekki í málinu.